

Fundur í stjórn foreldrafélags Álfasteins haldinn á Bláu könnunni 7. febrúar 2011 kl. 16.30.

Mættar: Helga, Andrea og Ásdís.

1. Áhugi er fyrir því að fá leiksýninguna Gilitrutt í flutningi Bernds Ogrodniks og leikstjórn Benedikts Erlingssonar í leikskólann. Kostar hún 70.000 krónur og var ákveðið að kanna hvort Þelamerkurskóli hefði áhuga á taka sýninguna með okkur. Þrátt fyrir að skólarnir sameinist um sýninguna er hún kostnaðarsöm og var ákveðið að athuga með styrk frá sveitarfélaginu. Helga var búin að heyra í Guðmundi sveitarstjóra og verður þetta líklega tekið fyrir á næsta sveitarstjórnarfundum.

2. Danskennsla hefst í leikskólanum á morgun. Kennari er Ingunn Hallgrímsdóttir og verða þetta 8 skipti. Kostnaður er 2500 kr á barn og greiðir foreldrafélagið 500 kr niður fyrir hvert barn.

3. Öskudagsnammi. Stefnt á að hafa þetta eins og í fyrra en þá keyptum við bæði nammi og rúsínur í Bónus.

4. Dósasöfnun. Stefnt á að halda aftur dósasöfnun og gera það oftari en við höfum gert, jafnvel annan hvern mánuð og sjá til hvernig gengur. Andrea ætlar að auglýsa þetta.

5. Gjöld í foreldrafélag. Umræður um að á næsta aðalfundi þyrfti að leggja til að hækka gjaldið. Einnig ætlar Helga að athuga hvernig fer með þau gjöld sem eru ógreidd, hvort við fáum þau eða hvað.

6. Ákveðið að leggja höfuðið í bleyti varðandi fjáröflun. Eins og staðan er í dag þurfum við að horfa í hverja krónu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.